

## Aðgát skal höfð

Niðurskurður á fjárlögum er í brennidepli nú þegar þrengja skal sultarólina víðast hvar. Ljóst er að við neyðumst til að spara en þó þykir mörgum hart að niðurskurðarhnífurinn saxi á þá sem síst geta hönd fyrir sig borið.

Allt frá því hrúnið varð í október 2008 hafa stjórnvöld verið hvött til að standa vörð um samfélags- og velferðarmál. Vandfundnir eru þeir sem vilja viðurkenna að niðurskurður þurfi að bitna á börnum og unglingum og keppast menn við að kasta fram frösúm á borð við: „að grunnþjónusta verði ekki skert,“ „styrkja þurfi stoðirnar“, „hlúum að fjölskyldunni“ og „gerum samfélagið barnvænna!“. En hvað er í raun á bak við þessi fögru fyrirheit? Til að mynda hefur reynst erfitt að skilgreina hvað felist í grunnþjónustu og eru mismunandi og misvísandi skilgreiningar á reiki. Nú hrikir í þeim stoðum sem menn vilja svo gjarnan styrkja og ítrekað berast fréttir af sársaukafullum niðurskurði sem mun veikja þessar stoðir. Margar fjölskyldur berjast í bökkum og þá er ekki á það bætandi þegar skólamáltíðir hækka um helming, svo nýlegt dæmi sé tekið. Hætt er við að samfélagið verði síst barnvænna þegar atvinnumissir og áhyggjur þjaka þá fullorðnu og hvað þá ef skerða á þá þjónustu og öryggisnet sem þó í boði er.

Talað er um að áriðandi sé að halda uppi velferðarneti fyrir fjölskyldur í landinu en það liggur í augum uppi að erfitt er að strengja það net þegar úrræðum fækkar og hluti af áðurnefndri grunnþjónustu verður að forréttindum. Hækkandi skattar eru nauðsyn úr því sem komið er en það skýtur skökku við að ákveðinn hópur mótmæli harðlega auðmagnssköttum og hækkun jaðarskatta. Þeir sem greiða myndu þá skatta eru í raun þeir sem helst geta tekið storminn í fangið og lagt meira af mörkum við uppbyggingu þjóðfélagsins en þeir sem nú þegar hafa þrengt sína sultaról í innsta gat.

Mönnum er tíðrætt um mikilvægi þess að styrkja nærsamfélagið og standa vörð um grunnþjónustu og að slíkar aðgerðir séu í raun sparnaður til lengri tíma litið. Fyrst þessar staðreyndir liggja fyrir og fjálglega er um þær rætt hvers vegna hljóta þær svo sjaldan hljómgrunn hjá þeim sem niðurskurðarhnífnum beita? Sífelld er imprað á því að læra af sögunni og skoða til að mynda hvaða áhrif kreppan hafði í Finnlandi. Hvers vegna er þá þverskallast við að draga lærdóm af þeirri reynslu og líta á önnur úrræði? Sparnaður menntasviðs Reykjavíkurborgar er áætlaður 775 milljónir og sveitarfélögum er gert að spara gríðarlegar fjárhæðir. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að sveitarfélög séu sem mest samstíga í aðgerðum sínum við að skera niður útgjöld enda bitnar ójöfn staða sveitarfélaga á börnum og öldruðum. Auk þessa hafa forsendur fjárhagsáætlana hjá sumum sveitarfélögum fyrir árið 2009 ekki staðist og kallar það á meiri niðurskurð næstu ár en gert var ráð fyrir. Mun gæðum menntunar og grunnþjónustu þá verða misskipt eftir landshlutum? Slíkt væri óásættanlegt.

Ljóst er að hagræða þarf í rekstri velferðarkerfisins en það þarf að gera af mikilli varkárni og ígrunda vel allar aðgerðir með tilliti til framtíðar. Hver er ávinningurinn og hverjar eru fórnirnar? Með nýju menntalögunum frá árinu 2008 var kveðið á um aukna aðkomu foreldra að leik-, grunn- og framhaldsskólum með tilkomu foreldra- og skólaráða. Mikilvægt er að foreldrar séu hafðir með í ráðum þegar hagrætt er í skólakerfinu. Í raun mætti komast hjá ýmiss konar deilum og árekstrum einungis með því að eiga aukið samráð við foreldra og forráðamenn barna og unglinga. Þegar hagræðingaráformum er slengt framan í grandalaus foreldra, sem engan tíma hafa fengið til ígrundunar, er ekki von á góðu. Auk

Þess gætu einhverjir þeirra lumað á góðum hugmyndum sem nýta mætti til sparnaðar án þess að það bitni svo grimmt á lítilmagnanum. Hugsu þarf út fyrir kassann. Þetta er átak sem vinna þarf að í sameiningu. Yfirvöld, kennarar og foreldrar þurfa hér að starfa saman og leita leiða við að ná sem bestri niðurstöðu fyrir afkomendur okkar sem munu koma til með að erfa landið.

Hrefna Sigurjónsdóttir,

verkefnastjóri hjá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra.